

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Dalvíkurbyggð.

Breyting á deiliskipulagi fristundasvæðis í landi Hamars.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti 12. mars og 9. apríl 2025 breytingu á deiliskipulagi fristundasvæðis í landi Hamars.

Breytingin tekur annars vegar til lóðar nr. A2 og felur í sér skiptingu lóðarinnar í tvær lóðir og hins vegar til lóðar nr. A3 og felur í sér stækkun byggingarreits til samræmis við núverandi mannvirki á lóðinni.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Dalvík, 11. september 2025.

María Markúsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 25. september 2025